

Starfsreglur fyrir atvinnutengt nám

Atvinnutengt nám er ætlað nemendum í 8. 9. og 10. bekk sem styðja þarf til aukinna framfara og þátttöku með breytingum á námsaðstæðum.

Markmið með atvinnutengdu námi er að styðja við einstaklingsmiðað nám, bæta líðan nemenda, styrkja sjálfsmynd þeirra og gefa þeim kost á að kynnast ýmsum hliðum atvinnulífs.

Hvernig fer atvinnutengt nám fram?

Atvinnutengt nám mætir þörfum nemenda sem þurfa að komast úr hefðbundnu skólastarfi hluta skólatímans, t.d. einn dag í viku. Stundatöflu nemandans er breytt í samræmi við það. Hámarks fjöldi vinnustunda á viku er 8 klukkustundir. Námið fer fram á vinnustöðum sem eru valdir út frá áhugasviði nemenda. Í lok námsins fær nemandinn síðan umsögn frá vinnustaðnum.

Aðkoma og ábyrgð aðila að atvinnutengdu námi

Hlutverk Auðarskóla er að hafa yfirumsjón með verkefninu, stýra inntöku nemenda í úrræði og skila upplýsingum um vinnustundir nemenda til launadeildar.

Hlutverk grunnskólanna (skólastjórnenda, stoðþjónustu, tengiliðar athvinnutengds náms) er að:

- Finna hæfa samstarfsaðila í atvinnulífinu með hliðsjón af áhugasviði nemandans.
- Sjá um samningagerð við nemenda/foreldra og vinnustað.
- Leita reglubundið eftir upplýsingum frá tengilið á vinnustað um frammistöðu nemandans og mætingar.
- Fá umsögn frá vinnuveitanda þegar nemandi lýkur atvinnutengdu námi og afhenda nemanda starfsfærnimat, viðurkenningu og umsögn um frammistöðu á vinnustað.

Þátttaka nemenda í atvinnutengdu námi er á ábyrgð foreldra og skóla.

Að sækja um atvinnutengt nám

Stoðþjónusta Auðarskóla/Tengiliður athvinnutengds náms metur hvort úrræðið henti nemanda og hvort að hann gæti haft ávinning af þátttöku í atvinnutengdu námi. Foreldrar/forráðamenn sækja um atvinnutengt nám á sérstöku eyðublaði.

Tryggingar

Nemendur njóta ábyrgðar- og slysatryggingar á meðan á atvinnutengdu námi stendur. Ef nemendur nýta skólabíla til þess að ferðast á milli skóla/heimilis og vinnustaðar eru þeir einnig slysatryggðir.

19.8.2025 Auðarskóli